



**MENNTASKÓLINN Á AKUREYRI**

**Schola Akureyrensis**

---

## **Sjálfsmatsskýrsla skólaárið 2008-2009**

**Anna Sigríður Davíðsdóttir  
Bjarni Guðmundsson  
Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir  
Valdís Björk Þorsteinsdóttir  
Þorbjörg Þorsteinsdóttir**

## Efnisyfirlit

	Bls.
1. Inngangur.....	3
2. Starf sjálfsmatsnefndar í MA skólaárið 2008-2009.....	3
3. Áfangakannanir.....	5
4. Lýðræðislegt sjálfsmat.....	7
5. Könnun á 10 ára stúdentum.....	8
6. Brotthvarf úr 1. og 2. bekk.....	8
7. Gengi á almennri braut.....	8
8. Hlýtt á nemendur.....	9
9. Greining á sjálfsmati í MA.....	16
10. Úrbætur.....	16
11. Næstu skref í sjálfsmatinu.....	17
12. Lokaorð.....	17

## 1. Inngangur

Í þessari skýrslu er greint frá því formlega sjálfsmati sem fram fór skólaárið 2008-2009. Tilgangurinn með sjálfsmati er fyrst og fremst sá að bæta og efla skólastarfið með því að meta hvort markmið skólans hafi náðst, benda á það sem vel er gert sem og finna leiðir til þess að laga það sem betur má fara. Slíkt mat er órjúfanlegur þáttur af starfi kennara þótt það fari að mestu leyti fram með óformlegum hætti, hið formlega sjálfsmat er aðeins lítil hluti af öllu því mati sem fram fer í skólanum.

Í Menntaskólanum á Akureyri hefur sjálfsmatsnefnd starfað um tólf ára skeið en henni var fyrst komið á laggirnar á haustönn 1997 í kjölfar nýrra laga um framhaldsskóla. Í þeim lögum komu í fyrsta skipti fram ákvæði um sjálfsmat, hver skóli átti að útfæra sínar sjálfsmatsaðferðir. Sjálfsmatsnefnd Menntaskólans á Akureyri skólaárið 2008-2009 var óbreytt frá síðasta skólaári en hana skipuðu Anna Sigríður Davíðsdóttir formaður, Bjarni Guðmundsson, Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir, Valdís Björk Þorsteinsdóttir og Þorbjörg Þorsteinsdóttir.

## 2. Starf sjálfsmatsnefndar í MA skólaárið 2008-2009

Hér fyrir neðan verða störf sjálfsmatsnefndar á skólaárinu tíunduð en nefndin fundaði reglulega, alla föstudaga frá eitt til hálfþrjú síðdegis:

Snemma á skólaárinu hélt sjálfsmatsnefnd málstofu á ráðstefnunni *Samræðu allra skóla* en málstofan var um sjálfsmat í MA síðastliðin 10 ár. Málstofan heppnaðist vel í alla staði fyrir utan að áheyrendur voru sýnilega færri heldur en málstofuhaldarar.

Lýðræðislegt sjálfsmat er enn í gangi í MA og kynntu deildir sjálfsmatsverkefni sín á kennarafundi í nóvember eins og „hefð” hefur skapast fyrir. Sumar deildir héldu svo áfram með verkefni sín en aðrar snéru sér að nýjum.

Könnun var gerð á skoðunum og högum 10 ára stúdenta frá MA á haustönn í samstarfi við nokkra nemendur í FÉL 403 (aðferðafræði) en svipuð könnun var gerð síðast árið 2003. Stúdentum var send könnun í tölvupósti í gegnum forritið Splist.

Hefðbundnum áfangakönnunum var haldið áfram. Að þessu sinnu voru lagðar kannanir fyrir nemendur í íslensku og erlendum tungumálum í desember og maí. Ekki var talin þörf á að kanna alla áfanga en lögð áhersla á að fá umsagnir nemenda um alla kennara. Rétt um 46 áfanga voru kannaðir hjá 15 kennurum.

Gerð var rækileg úttekt á brotthvarfi nemenda úr skólanum með aðaláherslu á 1. og 2. bekk. Sú vinna fór fram bæði á haustönn og vorönn.

Árangur af starfi almennrar brautar var undir smásjá sjálfsmatsnefndar þetta skólaárið en á vorönn fór nefndin í saumana á gengi nemenda á stoðlínu og hraðlínu. Einkunnir nemenda voru fyrst og fremst skoðaðar og hvort nemendur hefðu haldið áfram námi í skólanum.

Í mars skipulagði sjálfsmatsnefnd í samvinnu við VENMA (vinnuhópur um innleiðingu nýrrar námskrár í MA) verkefnið „hlýtt á nemendur“. Allir nemendur skólans svöruðu spurningum sem tengdust skóla, námi, brautum o.fl. og voru niðurstöðurnar kynntar fyrir nemendum á veggspjöldum sem hengd voru upp á tengigangi Gamla skóla og Hóla.

### 3. Áfangakannanir

Skólaárið 2008-2009 voru lagðar fyrir áfangakannanir í erlendum tungumálum og íslensku. Auk þess var að ósk kennara lögð fyrir könnun í nýjum valáfanga hans í félagsfræði. Á haustönn voru lagðar fyrir kannanir í 48 hópum, alls 1040 könnun, 840 svör. Svarhlutfall var 80%. Á vorönn voru lagðar fyrir kannanir í 46 hópum, alls 927 kannanir, 709 svör bárust. Svörun var 76,5%. Fyrirkomulagið var óbreytt frá fyrra ári, kannanir voru lagðir fyrir í byrjun desember og maíbyrjun og höfðu kennarar áður fengið spurningalistann sendan og boð um að semja eigin spurningar. Áhugi á því er afar lítill. Kennarar fengu svo niðurstöður í hendur öðru hvorum megin við jól og við kennslulok um vorið. Tekin voru starfsmannaviðtöl í kjölfarið, en enn er eftir að ræða við eina fjóra kennara. Verða þeim boðin viðtöl í haust. Festir voru tímar í tölvustofu og nemendur sóttir í kennslustofur til að svara könnunum. Nokkrir bekkir þurftu að svara þremur könnunum alls og virtist það vera of mikið í einu því svörunin var minni eftir því sem nemendur þurftu að svara fleiri könnunum.

	Vorönn	Haustönn
<b>Líðan mín í áfanganum er góð</b>		
Mjög sammála	259 (35%)	249 (30%)
Frekar sammála	293 (39%)	319 (38%)
Hvorki sammála né ósammála	137 (18%)	167 (20%)
Frekar ósammála	45 (6%)	78 (9%)
Mjög ósammála	12 (2%)	22 (3%)
<b>Ég geri ráð fyrir góðum árangri í þessum áfanga</b>		
Mjög sammála	170 (23%)	134 (16%)
Frekar sammála	322 (43%)	341 (41%)
Hvorki sammála né ósammála	186 (25%)	249 (30%)
Frekar ósammála	53 (7%)	87 (10%)
Mjög ósammála	13 (2%)	23 (3%)
<b>Ég tel að kennarinn undirbúi kennsluna vel í áfanganum</b>		
Mjög sammála	278 (37%)	295 (35%)
Frekar sammála	308 (41%)	330 (40%)
Hvorki sammála né ósammála	109 (15%)	146 (17%)
Frekar ósammála	38 (5%)	48 (6%)
Mjög ósammála	15 (2%)	16 (2%)

**Ég er sátt(ur) við framkomu kennarans**

Mjög sammála	293 (39%)	336 (40%)
Frekar sammála	250 (33%)	253 (30%)
Hvorki sammála né ósammála	122 (16%)	120 (14%)
Frekar ósammála	54 (7%)	80 (10%)
Mjög ósammála	29 (4%)	48 (6%)

**Kennsla hefst yfirleitt stundvíslega í áfanganum**

Mjög sammála	367 (49%)	378 (45%)
Frekar sammála	260 (35%)	335 (40%)
Hvorki sammála né ósammála	80 (11%)	87 (10%)
Frekar ósammála	28 (4%)	31 (4%)
Mjög ósammála	12 (2%)	5 (1%)

**Kennslustundir eru vel skipulagðar í áfanganum**

Mjög sammála	288 (39%)	293 (35%)
Frekar sammála	296 (40%)	348 (42%)
Hvorki sammála né ósammála	124 (17%)	128 (15%)
Frekar ósammála	29 (4%)	53 (6%)
Mjög ósammála	10 (1%)	13 (2%)

**Kennarinn hvotur mig áfram í áfanganum****Ég tel námsmat í áfanganum endurspeglar áherslur í kennslunni**

Mjög sammála	126 (17%)	109 (13%)	%)
Frekar sammála	319 (43%)	290 (35%)	%)
Hvorki sammála né ósammála	261 (35%)	373 (45%)	%)
Frekar ósammála	30 (4%)	43 (5%)	)
Mjög ósammála	11 (1%)	16 (2%)	)

**Nemendur eru hvattir til að taka þátt í umræðum eða spyrja spurninga**

Mjög sammála	227 (30%)	231 (28%)	%)
Frekar sammála	317 (42%)	362 (44%)	%)
Hvorki sammála né ósammála	147 (20%)	185 (22%)	%)
Frekar ósammála	42 (6%)	46 (6%)	)
Mjög ósammála	13 (2%)	8 (1%)	)

**Mér finnst álag í áfanganum hæfilega mikið**

Mjög sammála	154 (21%)	144 (17%)	%)
Frekar sammála	344 (46%)	356 (43%)	%)
Hvorki sammála né ósammála	146 (20%)	191 (23%)	%)
Frekar ósammála	67 (9%)	93 (11%)	)
Mjög ósammála	34 (5%)	49 (6%)	)

**Samskipti nemenda í áfanganum eru góð**

Mjög sammála	259 (35%)	268 (32%)
Frekar sammála	342 (46%)	389 (47%)
Hvorki sammála né ósammála	118 (16%)	140 (17%)
Frekar ósammála	19 (3%)	29 (3%)
Mjög ósammála	7 (1%)	6 (1%)

**Vinnufriður í bekknum er góður í þessum áfanga**

Mjög sammála	144 (19%)	203 (24%)
Frekar sammála	281 (38%)	394 (47%)
Hvorki sammála né ósammála	180 (24%)	164 (20%)
Frekar ósammála	106 (14%)	58 (7%)
Mjög ósammála	35 (5%)	17 (2%)

**Mér finnst námsgögn í áfanganum góð**

Mjög sammála	159 (21%)	129 (16%)	
Frekar sammála	305 (41%)	311 (37%)	6
Hvorki sammála né ósammála	205 (27%)	281 (34%)	
Frekar ósammála	56 (7%)	78 (9%)	
Mjög ósammála	22 (3%)	32 (4%)	

## 4. Lýðræðislegt sjálfsmat

Á þessu skólaári héldu deildir skólans áfram því starfi sem kennt hefur verið við lýðræðislegt sjálfsmat. Á kennarafundi í nóvember greindu allir námsgreinastjórar stuttlega frá því hvaða sjálfsmatsverkefni deildin hafði unnið árið á undan. Þetta gafst vel og má segja að á þessum kennarafundi hafi gluggi opnast inn í starf deildarinnar. Hugmyndin var svo sú að deildir skólans héldu sjálfsmatsvinnunni áfram með því að þróa sama sjálfsmatsverkefnið áfram eða byrja á nýju. Áhersla var lögð á að verkefnið þyrftu hvorki að vera stór né viðamikil, aðalatriðið var að verkefnið gagnaðist deildinni. Í skýrslum námsgreinastjóra er að finna nánari útlíðun á þeim aðferðum sem notaðar voru og helstu niðurstöðum.

## 5. Könnun á 10 ára stúdentum

Sjálfsmatsnefnd gerði á haustönn könnun á högum 10 ára stúdenta frá MA og viðhorfum þeirra til skólans og námsins. Könnunin var gerð í samstarfi við nokkra nemendur í FÉL 403 (aðferðafræði) en svipuð könnun var gerð síðast árið 2003. Stúdentar fengu könnunina senda í tölvupósti og svöruðu rafrænt. Helstu niðurstöður eru í viðauka.

## 6. Brotthvarf úr 1. og 2. bekk

Sjálfsmatsnefnd vann nokkuð viðamikla skýrslu um brotthvarf nemenda í 1. og 2. bekk og var Valdís Björk Þorsteinsdóttir aðalsprautan í því verkefni. Skýrsluna er að finna í viðauka.

## 7. Gengi á almennri braut

Sjálfsmatsnefnd fór í saumana á gengi nemenda á hraðlínu og stoðlínu, aðallega með tilliti til þess hvort nemendur hafi náð tilskyldum árangri, þ.e. hvort þeir gátu haldið

áfram námi í skólanum eftir árið. Upplýsingarnar verða ekki birtar í skýrslunni enda fáir nemendur bæði á hraðlínu og stoðlínu og því of auðvelt að rekja upplýsingarnar til ákveðinna nemenda.



## 8. Hlýtt á nemendur

Í kjölfar nýrra laga um framhaldsskóla hefur verið unnið markvisst að nýrri námskrá í MA. Sérstakur vinnuhópur var stofnaður í því skyni – Venma, vinnuhópur um innleiðingu nýrrar námskrár í MA. Sjálfsmatsnefnd vann með hópnum á vorönn að því að skipuleggja kennslustund sem yrði helguð sjálfsmati. Þann 5. mars tóku allir nemendur skólans, sem mættu þann daginn, þátt í sjálfsmati skólans með því að ræða ýmis atriði sem tengjast skólastarfinu. Hverjum bekk var skipt í 2-3 hópa, ritari var valinn og hópurinn fékk nokkrar spurningar til þess að svara. Sjálfsmatsnefnd tók saman niðurstöður hópanna:

1. bekkur svaraði þessum spurningum:

**Er einhver námsgrein sem þið vilduð læra í 1. bekk (sem ekki er í boði núna)?**

Átta hópar svöruðu. Í sex hópum er óskað eftir meiri tungumálakennslu og þá spænsku sérstaklega og í sjö af átta hópum er óskað eftir vali í 1. bekk.

**Finnst ykkur að allir nemendur í 1. bekk ættu að læra nákvæmlega það sama eða finnst ykkur að strax ætti að gera mun eftir því á hvaða braut nemendur stefna?**

Átta hópar svöruðu. Í fjórum hópum er mælt með sama grunni fyrir alla, í einum er mælt með að fara strax á brautir en í þremur eru báðar skoðanir viðraðar.

**Af hverju völduð þið MA? Var eitthvað sérstakt við MA sem olli því að hann varð fyrir valinu frekar en einhver annar bóknámsskóli?**

Það voru 16 hópar sem svöruðu. Af þeim nefndu 11 bekkjakerfið, níu minntust á gott félagslíf, átta nefndu staðsetningu skólans, átta töldu að gott orðspor skólans hefði haft sitt að segja, orðuðu það gjarnan að skólinn væri „virtur“. Fimm hópar minntust á sjálft námið, t.d. að bóknám væri það sem þau hefðu sóst eftir og fjórir hópar minntust á áhrif systkina og vina.

**Hvaða hugmyndir höfðuð þið um skólann áður? Hvaðan komu þær?**

Átta svör fengust við þessari spurningu og orðið „erfitt“ kemur fyrir í sjö svörum af átta. Nemendur hafa þannig greinilega átt von á erfiðu og krefjandi námi. Þrisvar er minnst á snobb og öflugt félagslíf ber á góma í fjórum svörum. Hugmyndirnar hafa nemendur fyrst og fremst frá vinum, kunningjum og gömlum MA-ingum, einhverjir minnst þó á skólakynningar og kynningarbæklinga.

**Hvað finnst ykkur mikilvægast að læra í framhaldsskóla? Hvernig sjáið þið ykkur fyrir ykkur þegar þið hafið lokið stúdentsprófi?**

Algengast var að nemendur nefndu að mikilvægast væri að vera vel undirbúinn fyrir háskólanám enda búast nemendur flestir við að fara í háskólanám að loknu stúdentsprófi. Nokkrir hópa minnst á að námið verði að vera áhugavert eða skemmtilegt en útskýra ekki frekar í hverju skemmtilegheitin eigi að felast. Nokkrir hópar nefna grunnfög eins og ensku, íslensku og stærðfræði.

### **Hvaða kröfur gerið þið til skólans? Hvað finnst ykkur að hann eigi að veita ykkur?**

Nemendur svara þessari spurningu á þann veg að skólinn eigi að veita góða menntun, góðan undirbúning fyrir framhaldsnám, gott félagslíf og síðast en ekki síst metnaðarfulla og sanngjarna kennara.

Þessum spurningum svöruðu nemendur úr öllum bekkjum

### **Hvernig litist ykkur á að hafa samfelldan vinnudag þar sem fyrrihluti dagsins færi í hefðbundnar kennslustundir og hluti dagsins í sjálfstæða vinnu ykkar í skólanum, undir handleiðslu kennara.**

Hóparnir höfðu skiptar skoðanir á þessu, níu hópar aftóku með öllu að þetta væri góð hugmynd, nemendur hefðu ekki nægan sjálfsaga fyrir slíkt fyrirkomulag, myndu bara slæpast og fall myndi aukast. Meirihluti hópanna var hins vegar til í að prófa slíkt fyrirkomulag, sumir hóparnir þó með ýmsum fyrirvörum, t.d. að þá mætti heimavinna og verkefnaálag ekki aukast. Helstu kostirnir við þetta fyrirkomulag að mati nemenda er að þá fá nemendur meiri hjálp við heimalærdóminn, dæmareikning og nemendur fengju hvíld frá „blaðrinu” í kennurunu.

### **Finnst ykkur gaman í skólanum? Væri hægt að gera námið áhugaverðara eða skemmtilegra (án þess að það væri léttara), hvernig?**

Nemendur hafa ýmsar skoðanir á því hvernig hægt sé að gera námið áhugaverðara. Rauði þráðurinn í gegnum svörin er þó sá að kennsluáðferðir þurfi að vera fjölbreyttari en þær eru, of mikið sé um glærupakka og eintal kennara. Nemendur stinga upp á fleiri vettvangsferðum, sýnikennslu, meira myndefni, hafa fleiri vinnutíma og brjóta oft upp kennsluna. Einnig kom fram hjá tveimur hópum að nauðsynlegt væri að jafna álag yfir önnina og að heimanámið væri oft á tíðum mjög íþyngjandi, nemendur fá ekki helgarfrí vegna mikils heimanáms.

### **Finnst ykkur skólinn hafa staðist þær væntingar sem þið gerðuð? (1. bekkur)**

Hér eru nemendahóparnir ekki á einu máli og svara ýmist játandi eða neitandi. Fjórum hópum fannst félagslífið ekki hafa staðist væntingar sínar og þrír hópar nefna að stærðfræðinámið væri undir væntingum. Meirihluti nemenda virðist þó verða á því að skólinn hafi staðist væntingar, þó það sé ekki rökstutt til fullnustu.

### **Hefur skólinn staðist væntingar ykkar? Hvernig? Af hverju eða af hverju ekki? (2., 3. og 4. bekkur)**

Það er misjafnt hvort nemendur telja félagslífið standa undir væntingum, þó eru fleiri sem telja að svo sé (sjö hópar á móti tveimur). Nánast allir hóparnir virðast hafa haft þær væntingar til skólans að námið væri erfitt og krefjandi en á hinn bóginn eru nemendur ekki sammála um hvort sú hafi verið raunin.

### **Vilduð þið hafa tækifæri til að fara hraðar yfir í náminu og ljúka stúdentsprófi á styttri tíma?**

Nemendur telja almennt séð að þeir myndu ekki nýta sér það tækifæri og sjá fyrir sér að miðað við það álag sem er á þeim í dag, væri óraunhæft að klára sams konar nám á styttri tíma. Sumum hópunum fannst það þó í lagi að bjóða upp á þennan valkost, þó þeir

myndu ekki nýta sér hann sjálfir. Fimm hópar benda á það að þeim sem vilja ljúka náminu á styttri tíma standi til boða að sækja nám við aðra skóla.

### **Er stúdentsprófið rétt samsett, mætti breyta því t.d. auka/minnka vægi einhverra greina?**

Félagsfræði- og málabrautarbökkirnir virðast nokkuð sáttir við samsetningu stúdentsprófsins. Náttúrufræðibökkirnir nefndu helst að auka mætti enskukennslu á brautinni, að lífsleiknin væri of mikil og þeir vildu meira val. Einnig nefndu þeir að þeir vildu minni eðlisfræði á náttúrufræðilínunni. Einn hópur nefndi að taka mætti íþróttir alveg í burtu og báðir hópar úr öðrum bekk töldu mikið óréttlæti fólgið í því að félagsfræðibraut þyrfti að læra náttúrufræði.

### **Saknið þið einhverra greina? Er eitthvað sem ekki er kennt við skólann sem þið mynduð vilja hafa hér?**

Fjórir hópar sakna einskis. Aðrir nefndu ýmsar greinar. Fjórir hópar nefndu íþróttir og vildu gjarnan auka valið í þeim. Þrír hópar nefndu fjármálagreinar. Listir, enska og heimilisfræði voru nefnd í tveimur hópum hver og einnig nefndu tveir hópar að bjóða mætti upp á sálfræði fyrir náttúrufræðibraut. Loks voru nefndar guðfræði, líffæra- og lífeðlisfræði, stjörnufræði, spænska og forritun.

### **Hvernig litist ykkur á að hafa tvær brautir í skólanum, önnur sem leggur áherslu á náttúruvísindi og stærðfræði og aðra sem leggur áherslu á tungumál, samfélag og menningu?**

Aðeins einum hópi líst vel á þessa hugmynd en allir hinir líta á hana sem skerðingu á vali, þ.e. að velja milli tveggja brauta í stað þriggja. Þó eru náttúrufræðibökkirnir frekar til í þessa hugmynd, enda mætti að þeirra mati alveg sameina mála- og félagsfræðibrautirnar. Ekki á samt snerta við náttúrufræðibraut.

### **Sjáið þið fyrir ykkur að kennarar ykkar gætu unnið meira saman? Greinar með lík eða tengd viðfangsefni gætu verið kenndar öðruvísi? Hafið þið hugmyndir?**

Sumir hópar sjá kosti þess að sjá námsefnið frá fleiri sjónarhornum, á meðan öðrum hópum þykir óréttlétt að „lenda í því” að læra það sama í mörgum fögum. Flestir hópar töluðu um almenna nauðsyn þess að kennarar samræmi verkefnaskil og dreifi álagi. Einn hópur nefndi sérstaklega að skólinn mætti taka HA sér til fyrirmyndar og komið upp töflu þar sem kennarar geta samræmt dagsetningar á skilum.

### **Af hverju völduð þið brautina sem þið eruð á?**

19 hópar svöruðu. Nemendur sögðust hafa valið brautir út frá áhugasviði og áherslum brauta, þ.e. tungumálum, félagsgreinum og náttúrufræðigreinum (15). Einnig nefndu þeir að háskólanám/framtíðarstarf og möguleikar í framtíðinni hefðu ráðið vali (7). Þrír hópar nefndu að aðrar brautir væru verri og þrjár aðrar ástæður.

### **Eruð þið sátt við ykkar brautaval?**

18 hópar svöruðu og allir játandi.

### **Finnst ykkur vanta eitthvað á brautina?**

19 hópar svöruðu.

**Málabraut** (4 hópar): nefnir fjölbreyttari kennsluaðferðir, meira val milli tungumála, meiri landafræði og stærðfræði.

**Félagsfræðibraut** (7 hópar): Nefnir spænsku sem þriðja mál, fjölbreyttari áfanga t.d. verklega áfanga í samstarfi við VMA, endurvekja pönnukökuritgerð, námstækni, fjármálaáfanga, meiri stærðfræði, jafnvel minna af tungumálum, meira um sjálfstæð vinnubrögð og samræmi í kröfum. Geta unnið verkefni í tímum.

**Náttúrufræðibraut** (8 hópar): Þarf að hægja á yfirferð í stærðfræði, meiri ensku, meiri líffræði, eitthvað um fjármál, námsferðir, meira verklegt, stjörnufræði. Stærri kjörsviðsval og fleiri skylduáfanga í því svo nemendur missi síður af mikilvægum áföngum eins og frumu- og vefjalíffræði. Kennarar mættu nota ensku fræðiheitin meira. Tvíanna saman val á náttúru- og eðlisfræðibraut þannig að eðlisfræðibrautar nemar geti tekið náttúruáfanga.

### **Er einhverju ofaukið á brautunum?**

19 hópar svöruðu.

**Málabraut** (4 hópar): Náttúrufræði ofaukið (1), lífsleikni ofaukið (1), meiri málvísindi í stað sögu í íslensku (1). Nei, engu ofaukið (2).

**Félagsfræðibraut** (7 hópar): Færri hópaverkefni (1), of mikil þýska (1), of margir skylduáfangar í íslensku (1), of mikil danska (2), of margir skylduáfangar í sálfræði á kostnað viðskipta- og hagfræðigreina (1), nei (1).

**Náttúrufræðibraut** (8 hópar): Of margir skylduáfangar í íslensku, síðustu áfangar ættu að vera val (2), of mikið af þýsku (2), of mikið af eðlisfræði (2), nei (1).

Að auki var nefnt að kennarar þyrftu að samræma sig og dreifa álaginu, Fróðá og Angel hentaði ekki öllum, heimavinna væri mikil í 2. bekk náttúrufræðibrautar á vorönn.

### **Hverjir finnst ykkur vera styrkleikar og veikleikar ykkar brauta?**

19 hópar svöruðu

#### **Málabraut**

**Veikleikar:** Að þurfi að velja milli spænsku og ferðamálafræði (1), símat of lítið (1), of lítið af landafræði (1) og stærðfræði (1).

**Styrkleikar:** Enska og íslenska (1).

#### **Félagsfræðibraut**

**Veikleikar:** Lítið niður á brautina (3), lítil og léleg stærðfræðikennsla (1), of mikið af verkefnum og hópavinnu (2).

**Styrkleikar:** Hópvinna, samskipti, víðsýni (3), félagsandi og samheldni (2), góður undirbúningur undir lífið (1), fjölbreytt námsefni (2), æfumst í að halda fyrirlestra, vinna verkefni og skrifa ritgerðir (5), þjálfast í framkomu og fá gagnrýni (1).

#### **Náttúrufræðibraut**

**Veikleikar:** Stærðfræðin fyrirferðarmikil og of mikið fall (1), stöku kennarar ekki starfi sínu vaxnir og furðulegir (2), íslenska, vantar ensku (2), þarf endurnýjun í eðlisfræði (1)

**Styrkleikar:** Góður undirbúningur fyrir framtíðina og erfitt háskólanám (2), vel undirbúin fyrir háskólanám, einkum í líffræðigreinum (1), stærðfræði (2), efnafræði og líffræði (2), að mestu góðir kennarar (1), fjölbreyttir möguleikar á framhaldsnámi (2), mikil ábyrgð á nemendum að sinna náminu (1).

**Hvort mynduð þið vilja (og útskýrið af hverju):**

**a) Skóla þar sem bekkjarkerfið helst alveg þangað til í 4. bekk en val er lítið**

**b) Skóla þar sem val er mun meira en nú er en bekkjarkerfið riðlast umtalsvert í 3. og 4. bekk**

18 hópar svöruðu.

A (12 hópar): skemmtilegra, félagsleg tengsl og samheldni (5), geta haft val um áfanga- og bekkjaskóla (2) eitt af því sem einkennir skólann og er hefð (2), júbilera. Einnig var nefnt að valið mætti dreifast á lengri tíma til að halda betur í bekkina (2), val mætti vera meira (2).

B (4 hópar): Hafa námið fjölbreyttara, læra eitthvað sem við höfum áhuga á, meira val (2). Tveir hópar komust ekki að sameiginlegri niðurstöðu.

**Finnst ykkur vera samræmi í einingafjölda áfanganna sem þið eruð í og vinnuframlagi ykkar?**

Sextán hópar svara úr öðrum til fjórða bekk.

Allir hópar utan einn telja að vinnuframlag sé meira heldur en einingafjöldi gefi tilefni til. Sumir nefna einstakar greinar eins og til dæmis:

- Í átta hópum nefnt að vinna bak við enskuáfanga sé meiri en einingafjöldi segir til um.
- Í sex hópum er nefnt að vinna bak við stærðfræðiáfanga sé meiri en einingafjöldi segir til um.
- Í tveimur hópum er talað um að vinna í lífsleikni í fjórða bekk sé langt umfram eina einingu.
- Í einum hópi er talað um að vinna bak við íslenskuáfanga sé meiri en einingafjöldi segir til um.
- Í einum hópi er talað um meta þurfi þátttöku í félagslífi til eininga með tilliti til umfangs og starfsemi á hverju ári.
- Einum hóp fannst einingafjöldi í íslensku og þýsku gefa rétta mynd af vinnuframlagi.

Í einum hóp er óskað eftir betra skipulagi meðal kennara þannig að álag vegna verkefnaskila dreifist jafnar yfir önnina. Einn hópur í öðrum bekk kvartar undan hvernig einingum er skipt á milli anna í öðrum bekk, 31 tími á viku á haustönn en 40 tímar á vorönn.

**Nýttast kennslustundir vel? Leggið þið ykkur fram? Hvernig lærið þið best?**

Sextán hópar úr öðrum til fjórða bekk svara þessum spurningum.

Aðeins einum hóp finnst kennslustundir almennt ekki nýttast vel og þar er beðið eftir að tímanum ljúki. Þrír hópar skila jákvæðri umsögn um kennslustundir og telja að þær nýtist vel. Tíu hópar telja að kennslustundir nýtist misvel:

- Fer eftir kennurum.
- Fer eftir verkefnum í tímum.
- Fer eftir áhugasviði einstakra nemenda.
- Fer eftir tíma dagsins.
- Fer eftir kennsluáðferðum.

— Fer eftir kennslugreinum.

Nemendur telja mikilvægt við að ná árangri í náminu:

- Fjölbreyttar kennsluaðferðir.
- Að í kennslustundum sé áhersla lögð á yfirferð námsefnis en síður að fara yfir verkefni.
- Að kennslustundir séu brotnar upp t.d. með verkefnavinnu.
- Góð fyrirmæli frá kennara.
- Að geta lokið verkefnum að mestu leyti í skólanum.
- Að fá tímaverkefni.
- Að fá aðstoð frá kennara t.d. í dæmatímum.
- Að fá heimavinnutíma.

**Hvaða greinar finnst ykkur að eigi að vera í kjarna (greinar sem allir þurfa að taka)? 1.- 4. bekkur.**

18 hópar svöruðu.

Enska:	17 hópar	1 hópur vill fleiri einingar í ensku á náttúrfræðibraut.
Stærðfræði:	17 hópar	1 hópur segir of mikil stærðfræði núna.
Íslenska:	16 hópar	1 hópur vill meiri málfræði.
Náttúrufræði:	11 hópar	
Saga:	9 hópar	1 hópur vill fá meiri nútímasögu.
Danska:	8 hópar	1 hópur vill hafa fleiri Norðurlandamál.
Þriðja tungumál:	7 hópar	
Íþróttir:	6 hópar	
Lífsleikni:	4 hópar	1 hópur telur að lífsleikni eigi ekki heima í kjarna.
Félagsfræði:	4 hópar	
Líffræði:	2 hópar	
Efna- Eðlisfræði:	2 hópar	
Stjórn málafræði:	2 hópar	
Fjármála/efnahagsfr.	1 hópur	

Einn hópur nefnir að það vanti landafræði á málabraut.

Einn hópur vill endurskoðun á íslenskukennslu.

**Finnst ykkur að sömu greinar eigi að vera kenndar á mismunandi hátt eftir brautum?**

18 hópar í 2.-4. bekk svöruðu spurningunni.

Fjórtán hópum finnst að áherslumunur eigi að koma fram í kennslu í einkennisgreinum brauta. Sex hópar nefna að greinar eins og enska og saga sem kenndar eru á öllum brautum taki þá mið af umfjöllunarefni brautanna. Fjórum hópum finnst að sömu greinar eiga að kenna á sama hátt óháð brautum.

**Eruð þið metnaðarfull í námi ykkar? Eruð þið dugleg að læra heima, af hverju / af hverju ekki? Væri hægt að fá ykkur til að leggja enn harðar að ykkur? Hvernig?**

16 hópar svöruðu í 2.-4. bekk.

Um metnað nemenda er svarað í ellefu hópum þar af telja fimm hópar sig vera með góðan metnað í náminu en sex hópar segja það fara eftir verkefnum, einkunn og álagi. Um dugnað við heimalærdóm svara 10 hópar. Fimm hópar telja sig duglega við heimavinnuna, tveir hópar segja að það fari eftir verkefnum og þrír hópar segjast ekki læra heima nema um skilaverkefni sé að ræða.

Af hverju ekki?

Í átta hópum er því haldið fram að nemendur hafi hreinlega ekki tíma fyrir heimanám. Tveir hópar nefna námsefnið og einn hópur kennara.

**Hvernig er hægt að fá ykkur til að leggja harðar að ykkur?**

Tveir hópar nefna strangara aðhald kennara, einn hópur vill nýta tímann milli 8 og 4 betur. Einn hópur nefnir aukið vægi símats. Í tveimur hópum er bent á að mikil heimavinna geti verið hamlandi fyrir tómsundur utan skólans.

**Annað um mætingar**

„Okkur finnst að breytingar megi gera á mætingakerfinu. Það er fáránlegt að maður fái skróp fyrir það að mæta 5 mínútum of seint, það er allt öðruvísi að koma of seint og að skrópa í tíma. Okkur finnst sem sagt að eitthvað ætti að vera til sem hétu í kladdanum „seint“ og að þrjú „seint“ gæfu eitt „skróp“, svipað og er með „áhorf“ í leikfimitímum. Einnig finnst okkur mjög óhentugt og einfaldlega asnalegt að maður fái skróp fyrir viðurkennd veikindi.”

„Extra: væri gott að hafa t.d. tvo veikindadaga á önn sem maður fengi ekki fjarvist fyrir.”

**Annað um kennsluaðferðir.**

“Okkur finnst asnalegt að kennarar séu ennþá að láta okkur láta okkur skrifa niður heilu glærupakkana í fleiri, fleiri tíma, það er sannað að þessi aðferð er lélegust til að læra. Okkur finnst að við ættum að fá glærupakkana frekar senda heim, geta einbeitt okkur að því að hlusta á kennarana í tíma og punkta niður okkar eigin punkta og geta borið þá saman við glærurnar heima. Maður man aldrei um hvað kennarinn talaði í kringum glærurnar því maður er svo að flýta sér að skrifa þær niður. Þessi kennsluaðferð er alveg ótrúlega áberandi hjá öllum kennurum nema kannski í stærðfræði og okkur finnst það skrýtið þegar við erum komin svona langt og skólinn er þekktur fyrir að vera góður.”

“Okkur finnst að það mætti bæta tungumálakennslu og nota aðrar aðferðir við hana. Það fer svo mikill tími í tungumálakennslu miðað við hvað maður lærir lítið.

Eðlisfræðikennslan er ekki nógu vel upp sett og þyrfti að byrja miklu fyrr.

Bæta kennslu í verklegri eðlisfræði og skipuleggja hana.”

## 9. Greining á sjálfsmati í MA

Í maí fékk sjálfsmatsnefnd í hendurnar verkefni sem unnið var af Ingu Sigrúnu Atladóttur háskólanema. Verkefnið fólst í því að greina sjálfsmat í MA, hugmyndafræði þess, kosti og galla. Höfundur kemst að þeirri niðurstöðu að sjálfsmatið sé fjölbreytt og í góðum tengslum við skólastarfið. Helstu styrkleikar þess eru sífelld þróun sjálfsmatsins, vilji til að takast á við breytingar og sú staðreynd að matsverkefnum er fylgt markvisst eftir. Stefnumótun er oftast skýr, sem og leiðir. Veikleiki sjálfsmatsins er að innan sjálfsmatsins eru notaðar ýmsar matsaðferðir sem erfitt er að samrýma og endurspeglja ólíka hugmyndafræði. Hugtakanotkun er auk þess stundum ekki nógu skýr.

## 10. Úrbætur

### Úrbætur sem þarf að vinna að strax:

1. Halda áfram þeirri námskrárvinnu sem fór fram af krafti á þessu skólaári (Venma). Í kaflanum á undan nefna nemendur ýmislegt sem þeim finnst að betur mætti fara í skólanum, nemendur vilja fjölbreyttari kennsluaðferðir, meira val, læra meira um fjármál o.s.frv. Mikilvægt er að taka tillit til skoðana nemenda á námi og kennslu þegar nýjar brautir eru útfærðar og áfangar skipulagðir (sem og skoðana kennara, starfsmanna skólans, foreldra og annarra).
2. Í ljós hefur komið að um þriðjungur pílta sem býr á heimavist hverfur frá námi í MA. Þessi hópur er því í mun meiri brotthvarfshættu en aðrir og brýnt að finna leiðir til þess að draga úr henni. Kynna þarf starfsfólki heimavistar niðurstöðurnar svo hægt sé að bregðast við.
3. Skólinn þarf að setja sér viðmið og vinnureglur varðandi brotthvarf frá skólanum. Hvað er „eðlilegt“ brotthvarf? Hvenær þarf að grípa til sérstakra ráðstafana? Hvenær er fall í áfanga orðið óeðlilega mikið? Sjálfsmatsnefnd leggur til að miða við 15% fall í áfanga. Ef fall í áfanga er 15% eða hærra eiga kennari eða kennarar áfangans að ræða við skólastjórnendur um ástæður og viðbrögð.
4. Áberandi er að stærðfræði- og raungreinakennslu bar oft á góma þegar 10 ára stúdentar voru beðnir að nefna það sem betur mátti fara í MA. Það er augljóst að niðurstöðurnar má ekki heimfæra upp á þá kennslu sem fram fer í skólanum í dag en engu að síður er umhugsunarefni að margir nemendur hafa neikvæðar minningar í tengslum við þessar námsgreinar. Hvernig hægt er að auka jákvæðni nemenda í garð stærðfræði og raungreina er ekki einfalt mál en verðugt verkefni fyrir stjórnendur og kennara.



### Úrbætur sem þarf að undirbúa sem fyrst:

1. Nauðsynlegt er að stjórnendur og kennarar ræði og taki afstöðu til þess hvort skólinn eigi að setja sér einhver markmið í sambandi við námsmat. Ekkert er að finna á vef skólans um námsmat en í nýrri skólasýn MA er þó minnst á að kennsluaðferðir eigi að vera fjölbreyttar sem og námsmat. Þetta þarf að útfæra nánar í vetur.
2. Huga þarf að breytingum á skólaárinu í MA. Þetta þarf að skoða um leið og ný námskrá er gerð og skólastarf skipulagt í samræmi við ný lög.

## 11. Næstu skref í sjálfsmatinu

1. Áfram verður haldið með hið lýðræðislega sjálfsmat ef mögulegt er. Sá galli er þó á gjöf Njarðar að engir námsgreinastjórar verða starfandi næsta skólaár en þeir hafa haft nokkurs konar umsjón með sjálfsmatsstarfi sinnar deildar.
2. Áfangakannanir í stærðfræði, raungreinum og íþróttum verða lagðar fyrir.
3. Þjónustukönnun lögð fyrir nemendur og jafnvel einnig könnun á líðan starfsfólks.
4. Samstarfi við Venma-nefndina verður vonandi haldið áfram og ákvörðun um hvernig sjálfsmati verði háttáð á næsta skólaári verður að einhverju leyti tekin í samráði við hana.

## 12. Lokaorð

Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan formlegt sjálfsmat hófst í MA fyrir rúmum áratug síðan. Sjálfsmatsnefnd hefur leitað ýmissa leiða til þess að þróa og bæta skólastarfið og lagt fyrir ótalmargar kannanir og úttektir í því skyni, hlustað á viðhorf starfsfólks, nemenda og foreldra. Það er von sjálfsmatsnefndar að vinna undanfarinna ára hafi skilað þeim árangri að starfsfólki finnist á sig hlustað og tekið sé tillit til sjónarmiða þess.

Sjálfsmatsnefnd í Menntaskólanum á Akureyri þakkar starfsfólki skólans, foreldrum og nemendum sem tóku þátt í sjálfsmati skólans á skólaárinu og lögðu þannig sitt af mörkum til þess að þróa og bæta skólastarfið.

Ágúst 2009, Menntaskólanum á Akureyri

\_\_\_\_\_  
Anna Sigríður Davíðsdóttir

\_\_\_\_\_  
Bjarni Guðmundsson

\_\_\_\_\_  
Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir

\_\_\_\_\_  
Valdís Björk Þorsteinsdóttir

\_\_\_\_\_  
Þorbjörg Þorsteinsdóttir